


# FLUGTÖLUR


Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

## FLUGFLOTI



Í árslok 2005 voru 397 loftför skráð á Íslandi á móti 393 árið áður sem er 1,0% aukning. Þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) fækkaði um 5, léttrum flugvélum (undir 5.700 kg) fjölgaði um 8 og svifflugum um 1. Þyrlur voru jafn margar og árið 2004. Síðastliðinn áratug hefur þungum loftförum fjölgað um 11,5% að meðaltali á ári en um 12,1% á ári undanfarin fimm ár.


## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA\*



Gild skírteini einstaklinga í árslok 2005 voru 2.229 en það er um 0,3% aukning frá árinu áður. Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: atvinnuflugmenn 716, einkaflugmenn 525, flugvéltæknar 392, flugumferðarstjórar 134, svifflugmenn 57, flugumsjónarmenn 69 og flugvélstjórar 24. Á árinu fjölgaði flugumsjónarmönnum um 27,8%, flugvéltæknum um 11,0%, atvinnuflugmönnum um 4,1% og svifflugmönnum um 3,6%. Fjöldi flugvélstjóra stóð í stað. Hins vegar fækkaði flugumferðarstjórum um 6,3% og einkaflugmönnum um 5,6%. Síðastliðinn áratug hefur gildum skírteinum einstaklinga fjölgað um 3,8% að meðaltali á ári. Meðaltalsfjöldgun undanfarin fimm ár er 3,0% á ári.


\* Blindflugs- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum. Tölu á gildra skírteina flugnema hefur verið hætt og heildartölur sl. 10 ára uppfærðar samkvæmt því.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 2005 fóru 90.970 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið en það er 7,5% meira en árið áður, en þá voru vélarnar 84.616. Umferðin á árinu skiptist þannig: atvinnuflug var 88,8%, herflug 3,8% og til almannaflugs taldist 7,4%. Síðastliðinn áratug hefur úthafsflugumferð aukist um 3,4% að meðaltali á ári, en minnkað um 0,1% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR INNANLANDS




Farþegar í innanlandsflugi voru 411.639 sem er 4,1% aukning frá árinu áður en þá voru þeir 395.588. Farþegum fjölgaði mest á Egilsstöðum eða um 12,6%, um 7,1% í Vestmannaeyjum, 5,6% á Bakka, um 3,9% í Reykjavík, 0,8% á Akureyri, 0,7% á Hornafirði og 0,6% á Ísafirði. Farþegum fækkaði um 3,8% á Sauðárkrók og um 11,9% á öðrum flugvöllum. Síðastliðinn áratug hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað að meðaltali um 1,4% á ári en síðastliðin fimm ár hefur þeim þó fækkað um 0,9% að meðaltali á ári.

## FARÞEGAR OG FARÞEGA-KÍLÓMETRAR




Borgandi farþegar í skráðum íslenskum loftförum um allan heim voru 5.8 millj. árið 2005 eða 21,4% fleiri en árið áður en þá voru þeir um 4.8 millj. Greiddir farþegakílómetrar (fjöldi borgandi farþega á hverri flugleið margfaldaður með lengd flugleiðarinnar) voru árið 2005 rúmlega 16 milljarðar km. eða um 35% fleiri en árið áður en þá voru þeir 11.9 milljarðar km. Tölurnar eru fengnar frá íslenskum flugrekstraraðilum.

## FARÞEGAR MILLI LANDA




Millilandaferðar voru 1.853.893 sem er 11,7% meira en árið áður. Mestur hluti þeirra fór um Keflavík eða 98,0%. Millilandaferðum fjölgaði hlutfallslega mest á Egilsstöðum eða um rúmlega 400%, um 122,9% á Akureyri, 34,1% í Reykjavík og 11,0% í Keflavík. Síðastliðinn áratug hefur millilandaferðum fjölgað um 7,5% að meðaltali á ári en 5,2% á ári síðastliðin fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Árið 2005 voru flutt 1.325 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi sem er 2,9% eða 40 tonnum minna en árið áður. Á árinu voru flutt 1.233 tonn af vörum og 92 tonn af pósti. Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 5,4% á ári sl. áratug og um 3,2% á ári sl. fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA



Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi námu samtals 60.297 tonnum sem er aukning um 6,5% eða 3.687 tonn frá árinu 2004. Á árinu voru flutt 57.781 tonn af vörum og 2.516 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 6,2% og póstflutningar um 14,4%. Síðastliðinn áratug hefur heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi aukist um 12,6% að meðaltali á ári og um 8,9% sl. fimm ár.

## FLUGHREYFINGAR\*\*



Flughreyfingar (flugtök og landingar) voru 209.798, sem er 17,1% fleiri en árið áður. Flughreyfingar í innanlandsflugi voru 181.424 en 28.374 í millilandaflugi. Í innanlandsflugi fækkaði flughreyfingum í áætluðar og leiguflugi um 1,7% en þær voru 50.130. Snertilendingar (æfingalendingar) voru 86.319 sem er 30,6% aukning og aðrar hreyfingar voru 44.975 eða 19,2% fleiri en árið áður. Í millilandaflugi fjölgaði hreyfingum í áætluðar og leiguflugi um 6,2% en hreyfingum í öðru flugi fjölgaði um 3,0%.

\*\* Snertilending telst sem tvær hreyfingar. Herflug er innifalið.

